



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu á Patreksfirði
21. september 1996**

Ágætu hátíðargestir.

Á ferð um Barðastrandarsýslur er í hverri sveit og sjávarbyggð minni um samhengið í íslenskri sögu. Byggðarlögin hér um slóðir sýna á skýran hátt að þráðurinn er óslitinn frá landsnámstíð.

Sérhver Íslendingur hefur í æsku lesið textann úr öðrum kafla Landnámabókar þar sem lýst er för Hrafna-Flóka. Hann fór að leita Garðarshólma en sá við Barðaströnd stórmerki sem gáfu landi okkar nafnið kæra. Segir svo í Landnámabók:

„Þeir Flóki sigldu vestur yfir Breiðafjörð og tóku þar land sem heitir Vatnsfjörður við Barðaströnd. Þá var fjörðurinn fullur af veiðiskap, og gáðu þeir eigi fyrir veiðum að fá heyjanna, og dó allt kvikfé þeirra um veturinn. Vor var heldur kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt og sá norður yfir fjöllin fjörð fullan af hafísum. Því kölluðu þeir landið Ísland, sem það hefir síðan heitið.”

Þessi frásögn í upphafi Landnámabókar sýnir að harðindin gáfu landinu nafn sem vel hefur dugað. Í glímu við erfiðar aðstæður getur falist frjókorn þess sem lengst lifir.

Mannlífi í Barðastrandarsýslum hafa oft verið búin kröpp kjör. En sagan geymir líka frásagnir um góða tíð, blómlegar byggðir, framfarir og fagurt mannlíf. Saga byggðanna hér í sýslum er líkt

og saga Íslands alls tími skins og skúra, staðfesting á því að afkomendur landnema og víkinga, bænda og sjósóknara sóttu í uppruna sinn og ættir þrek sem dugði í hverri raun.

Við öll sem nú gætum þjóðlegrar arfleifðar getum á margvíslegan hátt notið þess efniviðar sem felst í sögu Barðastrandarsýslna.

Heimur Íslendingasagna verður nú æ fleirum tilefni til kynnisferða, lesturs og lærdómsiðkana. Hér er að finna fjölmörg kennileiti úr Gísla sögu Súrssonar.

Landsmenn allir geta því gert fróðlega för hingað vestur og kynnst á ný hamingju og harmi þess mannfólks sem frá er greint í Gísla sögu.

Hér voru einnig æskustöðvar Eggerts Ólafssonar sem ásamt Bjarna Pálssyni gaf Íslendingum fyrir nærri 250 árum einstæða lýsingu lands og þjóðar. Það verk er enn hljómmikill strengur.

Í raun felst táknræn tenging Breiðafjarðar við hjartarætur íslenskrar menningar í þeirri staðreynd að höfuðritin tvö, hin fornfræga Flateyjarbók sem Brynjólfur biskup gaf Friðriki III Danakonungi og hingað kom aftur til landsins með herskipi, fyrst hinna endurheimtu handrita, fyrir réttum aldarfjórðungi síðan, og svo Ferðabók Eggerts og Bjarna, skuli báðar tengjast hinum fögru sýslum sem kenndar eru við Barðaströnd.

Vegna efnisöflunar í safnrit þeirra Bjarna heimsótti Eggert Ólafsson Patreksfjarðarkaupstað árið 1757 og frá árinu 1760 dvaldi hann svo á ný í Barðastrandarsýslu í fjögur ár.

Í Ferðabókinn er að finna skemmtilegar lýsingar á heimahögum höfundar og nágrannabyggðum. Hann lýsir Barðstrendingum sem atorkusömum og dugmiklum bændum. Tungutakið hafi verið hreinna en á Suðurlandi þótt í nyrðri hluta Barðastrandarsýslu hafi menn nokkuð slett frönskum orðum og enskum að heimsborgarasið. Sú frásögn sýnir vel að því var fjarri að byggðirnar byggju við einangrun frá umheiminum.

Nokkrum áratugum síðar rak athafnamaðurinn Ólafur Thorlacius víðtæk viðskipti frá Bíldudal. Hann var reyndar umsvifamesti kaupmaður á Íslandi í árdaga síðustu aldar og kom á beinum og reglubundnum viðskiptum við Spán.

Æviferill hans og margra annarra hér um slóðir er enn ein sönnun þess sem ég benti á í ræðu minni á Ísafirði fyrir skömmu að saga Vestfjarða er á engan hátt saga einangraðs útkjálka. Hér var mannfólk oft í meiri tengslum við höfuðlönd álfunnar en önnur héruð Íslands. Það var hugmyndaauðgi og áræðni sem réð mestu um árangur. Þá eins og nú var auðlegðin mest í mönnunum sjálfum.

Fyrstu hræringar sem bentu til hugmynda um sjálfstæðan rétt þjóðarinnar í ríki konungs voru bundnar byggðunum við Breiðafjörð. Félagsskapur um fræðslurit handa allri alþýðu átti heimkynni í eyjum fjarðarins. Bændur og héraðshöfðingjar urðu öflugir liðsmenn Jóns Sigurðssonar í árdaga íslenskrar sjálfstæðisbaráttu.

Margir brautryðjendur íslenskra nútíðarbókmennta námu hér í foreldrahúsum hljómbæ og hrynjandi íslenskrar tungu, málfarið sem síðar varð þeim efniviður í sögur og ljóð nýrrar tíðar, tákn þess að íslensk þjóð var á ný að skapa sér sjálfstæðan sess í heimi bókmenntanna.

Jón Thoroddsen gaf okkur Pilt og stúlku og Mann og konu, sem voru kærari afa okkar og ömmu en flest önnur skáldverk. Matthías Jochumsom orti þjóðsönginn, lofkvæðið um Guð vors lands, og aðrar perlor íslenskra trúarljóða. Gestur Pálsson var í fararbroddi raunsæisstefnunnar í nýsköpun íslenskra bókmennta. Guðmundur Kamban lyfti íslensku leikhúsi í nýjar hæðir, en auðvitað var Matthías Jochumson, fæddur í Skógum, einn af brauðryðjendum leiksögunnar.

Allir áttu þeir ætt og uppruna í heimahéruðum Barðstrendinga. Slíkt framlag er næsta einstakt í héraðasögu íslenskra bókmennta og var vissulega öflugur liðsauki þegar mest á reið á að sýna að krafan um sjálfstæðan rétt var studd sköpun nýrra andans verka.

Byggðir Barðastrandarsýslna bjóða því fjölþætt tækifæri til pílagrímsferða á heimaslóðir bókmenntamanna. Á tímum hinnar fjölþættu ferðamannaþjónustu væri tilvalið að tvinna saman í eina för heimsókn á slóðir Eggerts og Gísla, Thoroddsens og Jochumsonar, Gests og Guðmundar að ógleymdri eyjunni þeirra Ólínu og Herdísar.

Sagt er að ferðaþjónustan sé öflugasta atvinnugrein veraldarinnar á okkar tímum og muni enn fara vaxandi á nýrri öld. Hún skapar okkur Íslendingum sífellt meiri gjaldeyrstekjur og hefur orðið traust stoð við endurnýjun atvinnuhátta í mörgum byggðarlögum. Okkur hættir hins vegar til að skoða leiðir og áfangastaði með einhæfum og fremur hefðbundnum hætti. Margt bendir til að ferðir til fróðleiks, tengdar nýjum skilningi á arfleifð fyrri tíðar geti orðið í senn uppspretta ánægju og auðlegðar á komandi tíð.

Því nefni ég þetta hér að Barðastrandarsýslur eru að mörgu leyti ónumið landi í þessum efnum, bæði fyrir Íslendinga sjálfa og hina fjölmörgu erlendu gesti okkar. Þó geyma heimabyggðir Barðstrendinga fjölskrúðugan garð sögu og mannlífs allt frá Íslandsför Hrafna-Flóka og til þessa dags.

Ég hef aðeins drepit á fáeina þætti hér í kvöld en af mörgu öðru mætti taka. Og er þó ótalin með öllu sú einstæða náttúrufegurð sem einkennir Breiðafjarðarbyggðirnar og hina tignarlegu firði á sunnanverðum Vestfjarðakjálkanum. Auðug er sú þjóð og lánsöm þau héröð sem búa enn að slíkum perlum.

Vissulega er margt sem betur mætti fara og mörgum kann að finnast að byggðir Barðstrandarsýslna eigi tilkall til meiri umsvifa í samgöngubótum og atvinnuþróun. Ekki verður hér kveðinn upp úrskurður í þeim efnum, en verði framfarir á næsta áratug í stíl við breytingar frá upphafi þess sem næstliðinn er, þá munu hér opnast fjölþætt tækifæri til sóknar.

Vandinn er hins vegar sá að laga hugsun sína að takti nýrrar tíðar og sjá í heiminum öllum tækifæri til nýrrar sóknar.

Ég hef hér dregið fram úr byggðasögu Barðstrendinga á fyrri öldum nokkur dæmi sem sýna að mannshugurinn er og verður áhrifaríkasta umbótaafli allra tíma.

Það var leitinn að nýjum löndum sem leiddi Flóka Vilgerðarson á Vatnsfjarðarstrendur þar sem hann gekk upp á fjall eitt hátt og fann við fjarðarsýn nafnið sem enn lifir og ætíð mun lifa, nafnið Ísland. Sóknarkraftur og kjarkur þeirra sem sigldu um úfinn sæ og fundu Ísland er gott veganesti þegar við sem landið fóstrar nú göngum fram móti nýrri öld.

Við hjónin þökkum ykkur frábærar móttökur, góðar gjafir og hlýjan hug. Við óskum ykkur heilla og hamingju um ókomna tíð.